



Reykjavík, 3. júní 2024
MSS24050005

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Umsögn borgarlögmanns um tillögur stjórnar Pant til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um breytingar á sameiginlegum reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks, nr. 645/2020, og um breytingar á gjaldskrá þjónustunnar.

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar dags. 30. apríl 2024, var óskað eftir umsögn borgarlögmanns vegna bréfs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH) til borgarráðs, dagsett 24. apríl 2024. Í bréfi samtakanna til borgarráðs er fjallað um tillögur stjórnar Pant til stjórnar SSH um breytingar á annars vegar sameiginlegum reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks og hins vegar gjaldskrá fyrir umrædda þjónustu, ásamt fylgiskjölum. Þá er þess m.a. óskað af hálfu SSH að tillögurnar verði teknar til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar hjá þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að Pant, þ.e. Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.

Við gerð eftirfarandi umsagnar var einnig tekið mið af umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 17. maí 2024.

Hér á eftir fylgir umsögn borgarlögmanns.

Almennt um efni tillagna stjórnar Pant

Tilvitnaðar tillögur að breytingum eru tillögur stjórnar Pant akstursþjónustu dagsettar 2. apríl 2024. Almennt telur borgarlögmaður að framkomnar tillögur séu til þess fallnar að aðlaga gjaldtöku fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks að gjaldskrá Strætó bs. hvað varðar fatlaða einstaklinga þannig að tryggð sé sambærileg gjaldtaka fyrir fatlað fólk hvort sem það notar almenningssamgöngur eða akstursþjónustu eins og áskilið er í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þó er rétt að benda á að í tillögum stjórnar Pant felast einnig tillögur sem ganga þvert á fyrri stjórnsýsluframkvæmd hjá Reykjavíkurborg, svo sem hvað varðar þá fyrirætlan að taka gjald af fötluðum ungmennum 12-17 ára. Þá tiltaka tillögur stjórnar Pant ekki sömu möguleika fyrir fatlað fólk hvað tímabilskort áhrærir og gera einungis ráð fyrir því að fatlað fólk geti keypt árskort en ekki einnig 30 daga kort eða eins og þriggja daga kort eins og kemur fram í gjaldskrá Strætó bs.

Þá færir betur á því að mati borgarlögmanns að kostnaðarmat tillagna væri sundurliðað fyrir einstakar breytingar samkvæmt þeim og að slíkt mat fylgdi framlögðum tillögum.

Um einstök atriði

Fötluð börn yngri en 11 ára

Í tillögum stjórnar Pant er lagt til að fötluð börn yngri en 11 ára greiði ekkert gjald fyrir akstursþjónustu í samræmi við gildandi gjaldskrá Strætó bs. Gildandi reglur fyrir



akstursþjónustu fatlaðs fólks tiltaka ekki sérstaklega fargjald fyrir fötluð börn undir 11 ára að aldri og því er óljóst hvort gjald hafi til þessa verið innheimt af börnum 11 ára og yngri í akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þó er tiltekið í 2. málslíð 11. gr. gildandi reglna að börn undir 6 ára aldri greiða ekkert gjald, enda séu þau í fylgd með fötluðum foreldrum.

Fötluð ungmenni, 12-17 ára

Í tillögum stjórnar Pant er lagt til að fötluð ungmenni, 12-17 ára, greiði 189 kr. sem er sama gjald og fullorðnum öryrkjum er gert að greiða skv. gildandi gjaldskrá Strætó bs. Ungmenni 12-17 ára greiða 315 kr. samkvæmt gildandi gjaldskrá Strætó bs. Gildandi reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks hafa ekki sérstaklega tiltekið gjald fyrir þennan aldurshóp, en samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá Pant hefur gjald ekki verið innheimt af aldurshópnum 6-16 ára. Hér er því um að ræða nýja gjaldtöku.

Fatlaður einstaklingur, 18 ára og eldri

Samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. greiðir fullorðinn öryrki 189 kr. fyrir staka ferð. Í tillögum stjórnar Pant er lagt til að fullorðinn fatlaður einstaklingur greiði sama gjald fyrir staka ferð, eða 189 kr. Þó er sleginn sá fyrirvari í umræddum tillögum stjórnar Pant að tilfallandi ferð þurfi að panta deginum áður, en sé ferð pöntuð samdægurs sé ekki unnt að tryggja að hægt verði að verða við pöntun. Hér er um að ræða tölverða lækkun gjalds frá gildandi gjaldskrá fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks, en gjald fyrir staka ferð fer úr 315 kr. í 189. kr. Þá er hvað tilfallandi ferðir áhrærir um að ræða verulega lækkun gjalds frá gildandi gjaldskrá, en gjald fyrir slíka ferð fer úr 630 kr. sé ferð pöntuð samdægurs í 189. kr.

Tímabilskort

Í tillögum stjórnar Pant er ráðgert að boðið verði upp á árskort fyrir alla greiðandi aldurshópa, þ.e. fötluð ungmenni 12-17 ára, fatlaða nemendur 18 ára og eldri í framhalds- og háskóla og aðra fatlaða einstaklinga 18 ára og eldri. Verð árskorts fyrir alla fyrrnefnda verður það sama og fyrir öryrkja samkvæmt gjaldskrá Strætó bs., þ.e. 31.200 kr.

Á hinn bóginn er í tillögum stjórnar Pant hvorki gert ráð fyrir 30 daga tímabilskorti né eins og þriggja daga kortum eins og í boði eru hjá Strætó bs. Í gjaldskrá Strætó bs. er boðið upp á 30 daga tímabilskort fyrir öryrkja sem kostar 3.120 kr. Að þessu leyti eru tillögur stjórnar Pant ekki í samræmi við gjaldskrá Strætó bs. og er ekki að finna umfjöllun um það hverju það sætir. Til að gæta samræmis í akstursþjónustu og almenningssamgöngum um val á leiðum fyrir notendur verður að telja rétt að tillögur stjórnar Pant þurfi einnig að taka til 30 daga korts.

Í gjaldskrá Strætó bs. eru eins og þriggja daga kortin miðuð við eitt fast gjald, 2.500 kr. fyrir eins dags kort og 5.600 kr. fyrir þriggja daga kort óháð aldri farþega. Hafa má þó í huga að börn 11 ára og yngri greiða ekkert samkvæmt gjaldskrá Strætó bs. Þá liggur fyrir að 30 daga kort fyrir ungmenni 12-17 ára, nema 18 ára og eldri, aldraða 67 ára og eldri og öryrkja eru í reynd ódýrari en 3 daga kort.

Aðrar breytingar

Í 4. mgr. 9. gr. gildandi reglna fyrir sameiginlega akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir tilteknum tímaramma, eða tveimur klukkustundum til afþöntunar ferðar. Í tillögum stjórnar Pant er orðalaginu breytt og tiltekið að afpanta skuli ferð „svo fljótt sem unnt er.“ Í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar kemur fram að bæta megi orðalag ákvæðisins enn frekar og lagt til að því verði breytt á þann hátt að afpanta skuli ferð



„svo fljótt sem unnt er, a.m.k. með tveggja klst. fyrirvara“. Tekur borgarlögmaður undir framangreinda tillögu velferðarsviðs.

Í tillögu stjórnar Pant er 2. málslíður 1. mgr. 11. gr. reglna fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu óbreyttur, en málslíðurinn er svohljóðandi: „Börn undir grunnskólaaldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert.“. Sé horft til annarra tillagna stjórnar Pant til breytinga á gjaldskrá má ætla að þessi málslíður sé óþarfur. Það er börn á grunnskólaaldri hvort heldur sem þau eru fötluð eða ekki greiða ekkert gjald fyrir akstursþjónustu og séu börn í fylgd með fötluðum foreldrum greiða þau heldur ekkert gjald. Lagt er því til að 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. reglna fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu falli brott.

Rétt er að benda á að framangreindar breytingar útheimta samsvarandi breytingar á gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Borgarlögmaður styður því við þá tillögu velferðarsviðs að starfsmönnum sviðsins verði falið að vinna slíkar tillögur.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur borgarlögmaður rétt að tillögur stjórnar Pant verði endurskoðaðar með vísan til framangreindra atriða og umsagnar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Ebba Schram